

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús, nr. 97/2012, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr., í rétttri númeraröð:

- 1.16 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/353 frá 25. febrúar 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, sbr. fylgiskjal 1.16.
- 1.17 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/908 frá 4. júní 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins Belarús, sbr. fylgiskjal 1.17.
- 1.18 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1001 frá 21. júní 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins Belarús, sbr. fylgiskjal 1.18.
- 1.19 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1002 frá 21. júní 2021 um framkvæmd ákvörðunar 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins Belarús, sbr. fylgiskjal 1.19.
- 1.20 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1031 frá 24. júní 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins Belarús, sbr. fylgiskjal 1.20.
- 2.22 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2021/339 frá 25. febrúar 2021 um framkvæmd 8. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús, sbr. fylgiskjal 2.22.
- 2.23 Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/907 frá 4. júní 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús, sbr. fylgiskjal 2.23.
- 2.24 Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/996 frá 21. júní 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús, sbr. fylgiskjal 2.24.
- 2.25 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2021/997 frá 21. júní 2021 um framkvæmd 8. gr. a(1) reglugerðar (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, sbr. fylgiskjal 2.25.
- 2.26 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2021/999 frá 21. júní 2021 um framkvæmd 8. gr. a(1) reglugerðar (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús, sbr. fylgiskjal 2.26.
- 2.27 Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/1030 frá 24. júní 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús, sbr. fylgiskjal 2.27.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 5. nóvember 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.16.

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ)
2021/353 frá 25. febrúar 2021
um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús**

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Heiti ákvörðunarinnar verður eftirfarandi: „Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús.“
- 2) Í stað 8. gr. komi eftirfarandi: Ákvörðun þessi gildir til 28. febrúar 2022.

Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur)

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/dec/2021/353/oj>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list].

Athuga leiðréttingu á ákvörðun (SSUÖ) 2020/1650 um framkvæmd ákvörðunar 2012/642 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús frá 6. nóvember 2020, sbr. reglugerð 1225/2020, sem er birt á vef Stjórnartíðinda ESB hér:

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32020D1650R%2801%29&qid=1502722896542>.

Fylgiskjal 1.17.

**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/908
frá 4. júní 2021
um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.
- 2) Leiðtoga ráðið samþykkti ályktanir 24. og 25. maí 2021 þar sem það fordæmdi harðlega að flugvél Ryanair hafi verið þvinguð til að lenda í Minsk í Belarús (Hvíta-Rússlandi) 23. maí 2021 og ógna með því flugöryggi og að stjórnvöld þar í landi hafi hneppt blaðamanninn Raman Pratasevich og Sofa Sapega í varðhald. Það leitaði til ráðsins um að samþykkja nauðsynlegar aðgerðir til að banna yfirflug flugrekenda frá Belarús í loftrými Sambandsins og koma í veg fyrir að flugvélar sem þeir flugrekendur starfrækja fái aðgang að flugvöllum í Sambandinu.
- 3) Í ljósi alvarleika atviksins hefur ráðið ákveðið að krefjast ætti þess af aðildarríkjunum að þau synji hverju því loftfari sem flugrekendur frá Belarús starfrækja, þ.m.t. markaðsaðili á sviði loftflutninga, um heimild til landingar, flugtaks eða yfirflugs yfir yfirráðasvæði þeirra.
- 4) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda þessari aðgerð í framkvæmd.
- 5) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi grein bætist við í ákvörðun 2012/642/SSUÖ:

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (Stjttíð. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1).

„2. gr. a

1. Aðildarríkin skulu synja hverju því loftfari, sem flugrekendur í Belarús, þ.m.t. markaðsaðili á sviði loftflutninga, starfrækja, um leyfi til að lenda, hefja sig til flugs eða fljúga yfir yfirráðasvæði þeirra, í samræmi við landsreglur þeirra og -lög og samkvæmt reglum þjóðaréttar, einkum viðeigandi samninga um alþjóðlegt almenningflug.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef um er að ræða nauðlendingu eða yfirflug á grundvelli neyðarástands.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef viðkomandi aðildarríki ákveður eða ákveða að landing, flugtak eða yfirflug sé nauðsynlegt í mannúðarskyni eða í öðrum tilgangi sem samrýmist markmiðum þessarar ákvörðunar. Í því tilviki skal eða skulu hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 4. júní 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

A. P. ZACARIAS

Fylgiskjal 1.18.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/1001
frá 21. júní 2021
um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til *eftirfarandi*:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús.
- 2) Leiðtogaáráðið samþykkti ályktanir 24. og 25. maí 2021 þar sem það fordæmdi harðlega að flugvél Ryanair hafi verið þvinguð til að lenda í Minsk í Belarús (Hvíta-Rússlandi) 23. maí 2021 og ógna með því flugöryggi og að stjórnvöld þar í landi hafi hneppt blaðamanninn Raman Pratasevich og Sofa Sapega í varðhald. Það leitaði til ráðsins um að samþykkja viðbótarskráningar aðila og rekstrareininga eins fljótt og auðið er á grundvelli viðeigandi ramma um refsiaðgerðir.
- 3) Með tilliti til þess hversu alvarlegt atvikið er ætti að bæta einum rekstraraðila við á skrá yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem falla undir þvingunaraðgerðirnar í viðaukanum við ákvörðun 2012/642/SSUÖ. Til þess að koma í veg fyrir óæskilegar afleiðingar af þessari skráningu er nauðsynlegt að breyta atvikaskránni þar sem lögbært stjórnvald aðildarríkis getur heimilað undanþágur frá frystingu fjármuna og banni við því að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan skráðum aðilum eða rekstrareiningum.
- 4) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (Stjttíð. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1).

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

1. Viðkomandi lögbært stjórnvald í aðildarríki getur heimilað affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, eða að ákveðnir fjármunir eða efnahagslegur auður sé gerður aðgengilegur, með þeim skilyrðum sem það telur við eiga, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður, sem um ræðir, sé:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra aðila sem tilgreindir eru í skránni í viðaukanum og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknis-meðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs,
- d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að hið lögbæra stjórnvald hafi kunngjört öðrum lögbærum stjórnvöldum og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita skuli sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt,
- e) til þess að greiða inn á eða út af reikningi sendiskrifstofu eða ræðisstofnunar eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem til stendur að nota slíkar greiðslur í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendiskrifstofu eða ræðisstofnunar eða alþjóðastofnunar,
- f) eingöngu ætlaður til að greiða nauðsynleg gjöld vegna:
 - i. reksturs flugs í mannúðarskyni, flugs vegna brottflutnings eða heimsendingar einstaklinga eða flugs í þágu framtaksverkefna til stuðnings fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaiðnaðar,
 - ii. reksturs flugs innan ramma málsmeðferðar við alþjóðlegar ættleiðingar,
 - iii. reksturs flugs sem nauðsynlegt er vegna funda sem hafa það að markmiði að finna lausn á krísunni í Belarús (Hvíta-Rússlandi) eða stuðnings við stefnumarkmið þvingunaraðgerðanna,
 - iv. lendingar, flugtaks eða yfirflugs flugrekanda í ESB af neyðarástæðum eða
- g) nauðsynlegur til að takast á við knýjandi og skýrt afmörkuð málefni á sviði flugöryggis og eftir fyrirframsamráð Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins.

Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem er veitt samkvæmt þessari grein.“

2) Viðaukanum við ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 21. júní 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2021/1001/oj.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list].

Fylgiskjal 1.19.**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/1002**

frá 21. júní 2021

**um framkvæmd ákvörðunar 2012/642/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús**

Viðaukanum við ákvörðun 2012/642/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2021/1002/oj.
Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list].

Fylgiskjal 1.20.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/1031**

frá 24. júní 2021

**um breytingu á ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá ædsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.
- 2) Leiðtogaárið samþykkti ályktanir 24. og 25. maí 2021 þar sem það fordæmdi harðlega að flugvél Ryanair hafi verið þvinguð til að lenda í Minsk í Belarús (Hvíta-Rússlandi) 23. maí 2021 og ógna með því flugöryggi og að stjórnvöld þar í landi hafi hneppt blaðamanninn Raman Pratasevich og Sofa Sapega í varðhald. Það leitaði til ráðsins um að samþykkja frekari markvissar refsiaðgerðir á sviði efnahagsmála.
- 3) Í ljósi alvarleika atviksins og með tilliti til stigmögnunar á alvarlegum mannréttindabrotum í Belarús og harkalegrar bælingar borgaralegs samfélags, lýðræðislegrar stjórnarandstöðu og blaðamanna, sem og einstaklinga sem tilheyra þjóðernisminnihlutum, ætti að samþykkja markvissar viðbótarþvingunaraðgerðir á sviði efnahagsmála.
- 4) Í þessu samhengi þykir rétt þykir að innleiða frekari þvingunaraðgerðir í tengslum við viðskipti með vopn.
- 5) Einnig er rétt að leggja bann við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi á búnaði, tækni eða hugbúnaði, sem fyrst og fremst er ætlaður til vöktunar eða hlerunar af hálfu eða fyrir hönd stjórnvalda í Belarús á samskiptum á netinu og í síma um farsíma- eða fastlínukerfi.
- 6) Enn fremur ætti að banna sölu, afhendingu eða tilfærslu á vörum með tvíþætt notagildi, sem ætlaðar eru til hernaðarnota, til tiltekinna aðila, rekstrareininga eða stofnana í Belarús.
- 7) Auk þess þykir rétt að innleiða frekari takmarkanir vegna viðskipta með jarðolíuafurðir, kalíumklóríð („pottösku“) og vörur sem notaðar eru við framleiðslu eða framsetningu á tóbaksvörum.
- 8) Enn fremur ætti að beita takmörkunum hvað varðar aðgang að fjármagnsmörkuðum Sambandsins með tilliti til stjórnar Belarús, sem og fjármálastofnana og rekstrareininga í rikiseigu í Belarús. Einnig ætti að leggja bann við því að láta stjórn Belarús og opinberum stofnunum og rekstrareiningum í Belarús í té tryggingar eða endurtryggingar.
- 9) Tiltekin bönn skulu sett á Fjárfestingarbanka Evrópu með tilliti til verkefna í opinbera geiranum. Einnig ætti að krefjast þess að aðildarríkin gripi til aðgerða til að takmarka þátttöku fjölbjóðlegra þróunarbanka, sem þau eiga aðild að, í verkefnum í Belarús.
- 10) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 11) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (Stjtid. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 3., 4. og 5. mgr. 2. gr. falla brott.
2. Eftirfarandi greinum er bætt við:

„2. gr. b

1. Lagt er bann við beinni eða óbeinni sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi, á búnaði, tækni eða hugbúnaði, sem er fyrst og fremst ætlaður til vöktunar eða hlerunar af hálfu eða fyrir hönd stjórnvalda í Belarús á samskiptum á netinu og í síma um farsíma- eða fastlínukerfi í Belarús, m.a. að veita hvers kyns þjónustu vegna vöktunar eða hlerunar í fjarskiptum eða á netinu, og við því að veita fjárhags- og tækniástoð við að setja upp, reka eða uppfæra fyrrnefndan búnað, tækni eða hugbúnað af hálfu ríkisborgara aðildarríkja eða frá yfirráðasvæðum aðildarríkja.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríkin heimilað sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á búnaði, tækni eða hugbúnaði, þ.m.t. veiting hvers kyns þjónustu vegna vöktunar eða hlerunar í fjarskiptum eða á netinu, auk tengdrar fjárhags- og tækniástoðar, sem um getur í 1. mgr., ef þau hafa gilda ástæðu til að ætla að stjórn Belarús, opinberar stofnanir, fyrirtæki eða skrifstofur eða einstaklingar, lögaðilar eða rekstrareiningar, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða starfa eftir fyrimælum þeirra, muni ekki nota búnaðinn, tæknina eða hugbúnaðinn til bælingar.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

3. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hverjir þeir þættir eru sem ákvæði þessarar greinar skulu taka til.

2. gr. c

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út vörur og tækni með tvíþætt notagildi, eins og skráð er í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009⁽²⁾, með beinum eða óbeinum hætti, til hernaðarnota í Belarús, eða til handa endanlegum notanda á sviði hermála í Belarús, eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að notuð séu til þess skip sem sigla undir fána þeirra eða loftför þeirra, hvort sem vörurnar og tæknin eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eða ekki.

2. Lagt er bann við því:

- a) að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni, sem um getur í 1. mgr., og útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús, til hernaðarnota í Belarús eða til endanlegs notanda á sviði hermála í Belarús,
- b) að láta í té fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., þ.m.t., einkum og sér í lagi, styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús, til hernaðarnota í Belarús eða til endanlegs notanda á sviði hermála í Belarús.

3. Bönnin í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga.

2. gr. d

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út vörur og tækni með tvíþætt notagildi, eins og skráð er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 428/2009, með beinum eða óbeinum hætti, til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús, sem skráð er í II. viðauka við þessa ákvörðun, eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem vörurnar og tæknin eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eða ekki.

2. Lagt er bann við því:

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja upp Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, tilflutningi, miðlun og viðkomu hluta með tvíþætt notagildi (Stj.íð. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1).

- a) að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús sem er skráð í II. viðauka,
 - b) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., þ.m.t., einkum og sér í lagi styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús sem er skráð í II. viðauka.
3. Bönnum í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga, og á útvegum nauðsynlegrar aðstoðar vegna viðhalds og öryggis fyrirliggjandi getu í Sambandinu.
4. Bönnum í 1. og 2. mgr. gilda ekki um útflutning, sölu, afhendingu eða tilfærslu á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, eða tengda tækni- eða fjárhagsástoð, til þess að viðhalda og verja öryggi fyrirliggjandi kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til annarra nota en hernaðarlegra eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu.

2. gr. e

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji með beinum eða óbeinum hætti til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana í Belarús, eða til notkunar þar í landi, vörur til notkunar við framleiðslu eða framsetningu á tóbaksvörum, eða að slíkt sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða að notuð séu til þess skip sem sigla undir fána þeirra eða loftför þeirra, hvort sem slíkar vörur eru upprunnar á yfirráðasvæðum þeirra eða ekki.
2. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.
3. Bönnum í 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga.

2. gr. f

1. Kaup, innflutningur eða tilfærsla á jarðolíuafurðum frá Belarús er bönnuð.
2. Lagt er bann við því að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsástoð, þ.m.t. fjármálaafleiður, ásamt vátryggingum og endurtryggingum, sem tengjast þeim bönum er um getur í 1. mgr.
3. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.
4. Bönnum í 1. mgr. gilda ekki um kaup í Belarús á jarðolíuafurðum sem þörf er á til að uppfylla nauðsynlegar þarfir kaupandans í Belarús eða mannúðarverkefna í Belarús.
5. Bönnum í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga.

2. gr. g

1. Kaup, innflutningur eða tilfærsla á kalíumklóríði („pottösku“) frá Belarús er bönnuð.
2. Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa grein.
3. Bönnum í 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga.

2. gr. h

Lagt er bann við því að kaupa, selja, miðla fjárfestingarþjónustu eða aðstoða við að gefa út eða eiga á annan hátt viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, með framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga með lengri binditíma en 90 daga, sem gefin eru út eftir 29. júní 2021 af:

- a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum,
- b) helstu lánastofnunum eða öðrum stofnunum með staðfestu í Belarús og með yfir 50% eignarhlut eða yfirráð hins opinbera frá og með 29. júní 2021, eins og skráð er í III. viðauka,
- c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem rekstrareining, sem er skráð í III. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti,
- d) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrimælum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar eða í skránni í III. viðauka.

2. gr. i

1. Lagt er bann við því að koma á, með beinum eða óbeinum hætti, fyrirkomulagi, eða vera hluti af því, varðandi gerð nýrra lána með yfir 90 daga binditíma, eftir 29. júní 2021 í þágu:

- a) Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa,
- b) helstu lánastofnana eða annarra stofnana með staðfestu í Belarús og með yfir 50% eignarhlut eða yfirráð hins opinbera frá og með 29. júní 2021, eins og skráð er í III. viðauka,
- c) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu utan Sambandsins, sem rekstrareining, sem er skráð í III. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti,
- d) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar eða í skránni í III. viðauka.

2. Bannið sem um getur í 1. mgr. gildir ekki um lán sem hafa það tilgreinda og skráða markmið að láta í té fjármögnun til innflutnings eða útflutnings á vörum og ófjárhagslegri þjónustu, sem falla ekki undir bannið, milli Sambandsins og þriðja lands, að meðtöldum útgjöldum vegna vara og þjónustu frá öðru þriðja ríki sem nauðsynleg eru til framkvæmdar útflutnings- eða innflutningssamningum.

3. Lögbært stjórnvald aðildarríkis getur einnig heimilað, með þeim skilmálum sem það telur við hæfi, að koma á eða vera hluti af því að koma á lánum sem um getur í 1. mgr. hafi lögbæra stjórnvaldið komist að raun um:

- a) að viðkomandi starfsemi hafi þann tilgang að veita almenningi í Belarús aðstoð, s.s. mannúðaraðstoð, umhverfisverkefni og kjarnorkuöryggi, eða að lánið sé nauðsynlegt til að fara að laga- eða reglugerðum kröfum um lágmarksvarasjóði eða sambærilegum kröfum til að uppfylla viðmiðanir um gjaldþol og greiðsluhæfi vegna fjármálastofnana í Belarús sem eru í meirihlutaægu fjármálastofnana Sambandsins og
- b) að í viðkomandi starfsemi eða láni felist ekki fjármunir eða efnahagslegur auður sem er, með beinum eða óbeinum hætti, gerður aðgengilegur aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í 4. gr., eða hann eða hún hefur ávinning af.

Þegar lögbært stjórnvald beitir skilyrðum skv. a- og b-lið skal það krefjast fullnægjandi upplýsinga um notkun veittrar heimildar, m.a. upplýsinga um tilgang þeirrar starfsemi sem um ræðir og þá mótaðila sem að henni koma.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

4. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um lánanýtingu eða -greiðslur samkvæmt samningi sem gerður var fyrir 25. júní 2021, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

- a) um alla skilmála og skilyrði slíkra lánanýtinga eða -greiðslna gildir eftirfarandi:
 - i. þau voru samþykkt fyrir 25. júní 2021 og
 - ii. þeim hefur ekki verið breytt á þeim degi eða eftir þann dag og
- b) samningsbundinn gjalddagi fyrir fulla endurgreiðslu alls fjármagns sem gert var aðgengilegt og fyrir niðurfellingu allra skuldbindinga, réttinda og skyldna samkvæmt samningnum var ákveðinn fyrir 25. júní 2021; þeir skilmálar og skilyrði lánanýtingar og -greiðslna, sem um getur í a-lið, fela í sér ákvæði um lengd endurgreiðslutímabils fyrir hverja lánanýtingu eða -greiðslu, vexti eða aðferð við útreikning vaxta ásamt hámarksupphæð.

2. gr. j

Lagt er bann við því að láta eftirtöldum aðilum í té váttryggingu eða endurtryggingu:

- a) stjórn Belarús og opinberum stofnunum þess, fyrirtækjum og skrifstofum,
- b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur a-lið.

2. gr. k

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að bönnin, sem um getur í 2. gr. c, 2. gr. d, 2. gr. e, 2. gr. f, 2. gr. g, 2. gr. h, 2. gr. i og 2. gr. j, eru sniðgengin með beinum eða óbeinum hætti.

2. gr. l

Til viðbótar við bönnin sem sett eru fram í 2. gr. i er lagt bann við eftirfarandi:

- a) að Fjárfestingarbanki Evrópu (EIB) gangi frá fjárráðstöfun eða greiðslu samkvæmt eða í tengslum við gildandi samninga sem Lýðveldið Belarús eða opinbert stjórnvald þess og Fjárfestingarbanki Evrópu hafa gert,
- b) að Fjárfestingarbanki Evrópu framkvæmi áfram gildandi þjónustusamninga um tækniaðstoð í tengslum við verkefni sem fjármögnuð eru samkvæmt samningunum sem um getur í a-lið og sem ætluð eru, beint eða óbeint, í þágu Lýðveldisins Belarús eða opinbers stjórnvalds þess til framkvæmda í Belarús.

2. gr. m

Aðildarríki skulu grípa til nauðsynlegra aðgerða til að takmarka þátttöku fjölþjóðlegra þróunarbanka, sem þau eiga aðild að, í verkefnum í Belarús, einkum Alþjóðlega endurreisnar- og þróunarbankans og Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, þ.m.t. með því að greiða atkvæði gegn því að ný lán eða aðrar tegundir fjármögnunar séu veittar þeim rekstraraðilum sem um getur í 2. gr. i, að þeim frátöldum sem um getur í 2. og 3. mgr. og án þess að hafa áhrif á verkefni sem fjármagna stuðning einkageirans við lítil og meðalstór fyrirtæki.“

- 3) Viðaukanum er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. júní 2021.

Fyrir hönd ráðsins,
A. P. ZACARIAS
forseti.

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1031/oj.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list].

Fylgiskjal 2.22.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/339

frá 25. febrúar 2021

**um framkvæmd 8. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 765/2006
um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús**

I. viðauka við reglugerð 765/2020/ESB skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/339/oj.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list].

Athuga leiðréttingu á reglugerð (ESB) 2020/1648 um framkvæmd 8. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús frá 6. nóvember 2020, sbr. reglugerð 1225/2020, sem er birt á vef Stjórnartíðinda ESB hér:

<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX%3A32020R1648R%2801%29&qid=1502722896542>.

Fylgiskjal 2.23.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/907**

frá 4. júní 2021

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006
um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006⁽²⁾ er kveðið á um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs og bann við því að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan aðilum, rekstrareiningum og stofnunum sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði og réttarríkinu í Belarús (Hvíta-Rússlandi) eða njóta góðs af eða styðja við einræðisstjórn Lukashenkos. Í henni er einnig lagt bann við því að veita tækniástoð vegna vara og tækni sem um getur í hinum sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins (sameiginlega hergagnalistanum) eða því sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda eða nota slíkar vörur. Í henni er lagt bann við útflutningi til aðila, rekstrareininga eða stofnunar í Belarús eða til notkunar í Belarús á búnaði sem nota má til bælingar innanlands og bann við því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsástoð.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 765/2006 taka gildi þær aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- 3) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/908⁽³⁾ um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ var samþykkt samkvæmt ályktunum leiðtoga ráðsins frá 24. og 25. maí 2021 í kjölfar þess að flugvél Ryanair, sem var í flugi innan ESB, var með ólöglegum hætti þvinguð til landingar í Minsk í Belarús 23. maí 2021. Atvikid, sem sýnir fram á óáreiðanleika flugmálayfirvalda í Belarús, ógnaði flugöryggi á grundvelli falsaðra gagna með það að markmiði að gera yfirvöldum í Belarús kleift að hneppa blaðamanninn og stjórnarandstöðubloggarann Raman Pratasevich og Sofía Sapega í varðhald, sem telst vera enn frekari bæling borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu í Belarús.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.
- 5) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggt sé að þær aðgerðir, sem þar er kveðið á um, skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 765/2006 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við 1. gr.:

„7 „flugrekandi í Belarús (Hvíta-Rússlandi)“: fyrirtæki sem stundar flutninga í lofti og hefur gilt rekstrarleyfi eða sambærilegt leyfi sem lögbær yfirvöld í Belarús gefa út.“

2. Eftirfarandi greinar bætast við:

„8. gr. b

1. Lagt er bann við því að loftfar, sem flugrekendur í Belarús starfrækja, þ.m.t. markaðsaðili á sviði loftflutninga innan ramma fyrirkomulags um sameiginlegt flugnúmer eða föst sæta kaup, hefji sig til flugs frá, lendi á eða fljúgi yfir yfirráðasvæði Sambandsins.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef um er að ræða nauðlendingu eða yfirflug á grundvelli neyðarástands.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1.⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1).⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/908 frá 4. júní 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Belarús (Stjtið ESB L 197, 4.6.2021, bls. 3).

8. gr. c

1. Þrátt fyrir 8. gr. b geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum sem um getur í II. viðauka heimilað loftfari að hefja sig til flugs frá, lenda á eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins ef þessi lögbæru stjórnvöld hafa ákveðið að slíkt sé nauðsynlegt vegna mannúðarsjónarmiða eða í öðrum tilgangi sem samrýmist markmiðum þessarar reglugerðar.
2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal eða skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

A. P. ZACARIAS

forseti.

Fylgiskjal 2.24.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/996**

frá 21. júní 2021

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006
um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006⁽²⁾ er kveðið á um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs og bann við því að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan aðilum, rekstrareiningum og stofnunum sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði og réttarríkinu í Belarús (Hvíta-Rússlandi) eða njóta góðs af eða styðja við einræðisstjórn Lukashenkos. Í henni er einnig lagt bann við því að veita tækniástoð vegna vara og tækni sem um getur í hinum sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins (sameiginlega hergagnalistanum) eða því sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda eða nota slíkar vörur. Í henni er lagt bann við útflutningi til aðila, rekstrareininga eða stofnunar í Belarús eða til notkunar í Belarús á búnaði sem nota má til bælingar innanlands og bann við því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsástoð. Enn fremur er í henni lagt bann við því að flugrekendur frá Belarús fái að hefja sig til flugs, lenda á eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 765/2006 taka gildi þær aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- 3) Í framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1002⁽³⁾ eru settar fram tilteknar tilgreiningar sem miða að því að koma ályktunum leiðtogaáráðsins frá 24. og 25. maí 2021 til framkvæmda í kjölfar þess að flugvél Ryanair, sem var í flugi innan ESB, var með ólöglegum hætti þvinguð til landingar í Minsk í Belarús 23.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1002 frá 21. júní 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Belarús (Stjtið ESB L 219, 21.6.2021, bls. 70).

maí 2021. Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1001⁽⁴⁾ breytir ákvörðun 2012/642/SSUÖ með því að setja fram tilteknar nýjar undanþágur frá frýstingu fjármuna og banni við því að gera efnahagslegan auð aðgengilegan einstaklingum, lögaðilum eða rekstrareiningum á skrá til þess að komast hjá óæskilegum afleiðingum þessara nýju tilgreininga. Þessar undanþágur varða flug í mannúðarskyni, flug vegna brottflutnings eða heimsendingar einstaklinga eða flug í þágu framtaksverkefna til stuðnings fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaíðnaðar, flug vegna funda sem hafa það að markmiði að leita lausnar á krisunni í Belarús (Hvíta-Rússlandi) eða styðja við stefnumarkmið þvingunaraðgerða, og neyðarflug, auk flugöryggismála. Þessar undanþágur þarf að endurspegla í reglugerð (EB) nr. 765/2006.

- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.
- 5) Reglugerð þessi skal öðlast gildi án tafar til þess að tryggt sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2006 kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, eins og þau eru tilgreind á þeim vefsetrum sem talin eru upp í II. viðauka, heimilað að tilteknir frýstir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrýstur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir einstaklinga, sem eru á skrá í I. viðauka, og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðipóknun og til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðisþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs,
- d) eingöngu ætlaður til að greiða nauðsynleg gjöld vegna einhvers af eftirfarandi:
 - i. reksturs flugs í mannúðarskyni, flugs vegna brottflutnings eða heimsendingar einstaklinga eða flugs í þágu framtaksverkefna til stuðnings fórnarlömbum náttúruhamfara eða hamfara af völdum kjarnorku- eða efnaíðnaðar,
 - ii. reksturs flugs innan ramma málsmeðferðar við alþjóðlegar ættleiðingar,
 - iii. reksturs flugs sem nauðsynlegt er vegna funda sem hafa það að markmiði að finna lausn á krisunni í Belarús (Hvíta-Rússlandi) eða stuðnings við stefnumarkmið þvingunaraðgerðanna eða
 - iv. lendingar, flugtaks eða yfirflugs flugrekanda í ESB af neyðarástæðum eða
- e) nauðsynlegur til að takast á við þýðingarmikil og skýrt afmörkuð málefni á sviði flugöryggis og eftir fyrirframsamráð Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 21. júní 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1001 frá 21. júní 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Belarús (Stjtið ESB L 219, 21.6.2021, bls. 67).

Fylgiskjal 2.25.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/997****frá 21. júní 2021****um framkvæmd 8. gr. a(1) reglugerðar (ESB) nr. 765/2006
um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús**

I. viðauka við reglugerð 765/2020/ESB skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/997/oj.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list].

Fylgiskjal 2.26.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/999****frá 21. júní 2021****um framkvæmd 8. gr. a(1) reglugerðar (ESB) nr. 765/2006
um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús**

I. viðauka við reglugerð 765/2020/ESB skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/999/oj.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list].

Fylgiskjal 2.27.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/1030****frá 24. júní 2021****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006
um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006⁽²⁾ er kveðið á um frýstingu fjármuna og efnahagslegs auðs og bann við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði eða réttarríkinu í Belarús (Hvíta-Rússlandi) eða njóta góðs af eða styðja við einræðisstjórn Lukashenkos. Í reglugerðinni er einnig lagt bann við því að veita tækniástoð vegna vara og tækni sem um getur í hinum sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins eða sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota slíkar vörur. Í henni er lagt bann við útflutningi til aðila, rekstrareininga eða stofnana í Belarús eða til

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1).

notkunar í Belarús á búnaði sem nota má til bælingar innanlands og bann við því að veita tengda tækni-aðstoð, miðlunarþjónustu, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð. Í henni er skíðaskotfímibúnaður undanþeginn útflutningsbanninu og kveðið á um undanþágur frá banninu við útflutningi á tilteknum gerðum sportriffla með litla hlaupavídd, sportskammbyssa með litla hlaupavídd og skotfæra fyrir litla hlaupavídd og frá banninu við því að veita tengda aðstoð eða þjónustu en jafnframt viðurkennt að takmarka ætti útflutning á slíkum búnaði. Enn fremur er í henni lagt bann við því að flugrekendur frá Belarús fái að hefja sig til flugs, lenda á eða fljúga yfir yfirráðasvæði Sambandsins.

- 2) Með reglugerð (EB) nr. 765/2006 taka gildi þær aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- 3) Í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1031⁽³⁾ eru settar fram frekari markvissar efnahagsþvinganir sem miða að því að koma ályktunum leiðtogaráðsins frá 24. og 25. maí 2021 til framkvæmda í kjölfar þess að flugvél Ryanair, sem var í flugi innan ESB, var með ólöglegum hætti þvinguð til landingar í Minsk í Belarús 23. maí 2021. Í ákvörðun (SSUÖ) 2021/1031 eru settar fram frekari takmarkanir í tengslum við viðskipti með vopn. Í ákvörðuninni er einnig lagt bann við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi á búnaði, tækni eða hugbúnaði sem er fyrst og fremst ætlaður til vöktunar eða hlerunar af hálfu eða fyrir hönd stjórnvalda Belarús á samskiptum á netinu og í síma um farsíma- eða fastlínukerfi. Í henni er lagt bann við sölu, afhendingu eða tilfærslu á vörum með tvíþætt notagildi til hernaðarnota og til tiltekinna aðila, rekstrar- eina eða stofnana í Belarús. Auk þess eru í henni settar fram frekari takmarkanir vegna viðskipta með jarðolíuafurðir, kalíumklóríð („pottösku“) og vörur sem notaðar eru við framleiðslu eða framsetningu á tóbaksvörum. Enn fremur eru í henni settar takmarkanir á aðgang að fjármagnsmörkuðum Sambandsins með tilliti til stjórnar Belarús, sem og fjármálastofnana og rekstrareininga í ríkiseigu í Belarús. Í henni er lagt bann við því að láta stjórn Belarús og opinberum stofnunum og skrifstofum í Belarús í té tryggingar og endurtryggingar. Í henni eru tiltekin bönn sett á Fjárfestingarbanka Evrópu með tilliti til verkefna í opinbera eiginum. Þessar breytingar þarf að endurspegla í reglugerð (EB) nr. 765/2006.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 765/2006 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi liðir bætast við í 1. gr.:

- „7. „vörur og tækni með tvíþætt notagildi“: þeir hlutir sem taldir eru upp í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009^(*).
8. „fjárfestingarþjónusta“: eftirfarandi þjónusta og starfsemi:
 - i. móttaka og miðlun fyrirmæla um einn eða fleiri fjármálagerninga,
 - ii. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina,
 - iii. viðskipti fyrir eigin reikning,
 - iv. stýring eignasafna,
 - v. fjárfestingarráðgjöf,
 - vi. sölutrygging fjármálagerninga og/eða markaðssetning fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli,
 - vii. markaðssetning fjármálagerninga sem er ekki á skuldbindandi grundvelli,
 - viii. hvers konar þjónusta í tengslum við töku til viðskipta á skipulegum markaði eða viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga,
9. „framseljanleg verðbréf“: eftirfarandi flokkar verðbréfa sem unnt er að versla með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjölum:
 - i. hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélagum eða öðrum einingum og heimildarskírteini vegna hlutabréfa,
 - ii. skuldabréf eða önnur tryggð skuldaskjöl, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa,
 - iii. önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja framseljanleg verðbréf.
10. „peningamarkaðsgerningar“: þeir flokkar gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, s.s. ríkisvixlar, innlánsskírteini og viðskiptabréf, að undanskildum greiðsluskjölum,
11. „lánastofnun“: fyrirtæki sem starfar við að taka á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning.

^(*)Reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um efirlit með útflutningi, tilflutningi, miðlun og viðkomu hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1).“

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1031 frá 24. júní 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Belarús (Stjtið. ESB LI 224, 24.6.2021, bls. 15).

- 2) Í 1. gr. a falla 4., 5. og 6. mgr. brott.
- 3) Í 1. gr. b falla 4., 5. og 6. mgr. brott.
- 4) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„1. gr. c

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á búnaði, tækni eða hugbúnaði, sem tilgreindur er í IV. viðauka, hvort sem framangreint á uppruna í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi nema lögbært stjórnvald viðkomandi aðildarríkis, eins og það er tilgreint á vefsetrunum sem talin eru upp í II. viðauka, hafi veitt fyrirframheimild.
2. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem talin eru upp í II. viðauka, skulu ekki veita heimild skv. 1. mgr. ef þau hafa gilda ástæðu til að ætla að stjórn Belarús, opinberar stofnanir, fyrirtæki eða skrifstofur eða einstaklingar, lögaðilar eða rekstrareiningar, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða starfa eftir fyrirætlum þeirra, noti búnaðinn, tæknina eða hugbúnaðinn, sem um ræðir, til bælingar.
3. Í IV. viðauka skal m.a. vera búnaður, tækni eða hugbúnaður sem er fyrst og fremst ætlaður til vöktunar eða hlerunar á samskiptum á netinu eða í síma.
4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

1. gr. d

1. Hafi lögbært stjórnvald viðkomandi aðildarríkis, eins og það er tilgreint á vefsetrunum sem talin eru upp í II. viðauka, ekki veitt fyrirframheimild skv. 2. lið 1. gr. c skal lagt bann við því að:
 - a) veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist búnaði, tækni og hugbúnaði, sem tilgreind eru í IV. viðauka, eða í tengslum við það að setja upp, útvega, framleiða, viðhalda og nota búnað og tækni, sem eru tilgreind í IV. viðauka, eða útvega, setja upp, starfrækja eða uppfæra hvers kyns hugbúnað, sem er tilgreindur í IV. viðauka, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi,
 - b) veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist búnaði, tækni og hugbúnaði, sem tilgreind eru í IV. viðauka, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi,
 - c) veita hvers kyns þjónustu vegna vöktunar eða hlerunar í fjarskiptum eða á netinu, beint eða óbeint í þágu stjórnar Belarús, opinberra stofnana, fyrirtækja og skrifstofa eða einstaklings, lögaðila eða rekstrareiningar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirætlum þeirra.
2. Að því er varðar c-lið 1. mgr. merkir „þjónusta vegna vöktunar eða hlerunar í fjarskiptum eða á netinu“ þjónusta sem einkum felst í notkun búnaðar, tækni eða hugbúnaðar, eins og tilgreint er í IV. viðauka, og veitir aðgang að og afhendir fjarskiptaboð til eða frá viðfangi og gögn í tengslum við simtöl í því skyni að draga fram, afkóða, hljóðrita, vinna úr, greina eða geyma efnið, eða hvers kyns önnur starfsemi því tengd.

1. gr. e

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, vörur og tækni með tvíþætt notagildi, hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi, ef þær eru eða kunna að vera, í heild eða að hluta, ætlaðar til hernaðarlegra nota eða fyrir endanlegan notanda á sviði hermála.

Ef endanlegur notandi er her Belarús skal líta svo á að hverjar þær vörur og tækni með tvíþætt notagildi sem hann kaupir séu til hernaðarnota.

2. Við afgreiðslu beiðna um leyfi, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 428/2009, skulu lögbær stjórnvöld ekki veita leyfi til útflutnings til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús eða til notkunar þar í landi ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að endanlegur notandi sé á sviði hermála eða að vörurnar séu til hernaðarnota.

Lögbærum stjórnvöldum er þó heimilt að veita leyfi ef slíkur útflutningur varðar efndir á skuldbindingu sem rekja má til sannings sem gerður var fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíks sannings.

Útflýgjendur skulu veita viðkomandi lögbærum stjórnvöldum allar viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar vegna umsókna sinna um útflutningsleyfi.

1. gr. f

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, vörur og tækni með tvíþætt notagildi, hvort sem þær eru upprunnar í Evrópusambandinu eða ekki, til einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana í Belarús sem skráð eru í V. viðauka við þessa reglugerð.
2. Lagt er bann við því að:
 - a) veita tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og tækni, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Belarús sem skráð er í V. viðauka,
 - b) veita fjármagn eða fjárhagsaðstoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., þ.m.t., einkum og sér í lagi styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús sem er skráð í V. viðauka.
3. Bönningin í 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021, eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga, og á útvegum nauðsynlegrar aðstoðar vegna viðhalds og öryggis fyrirbyggjandi getu í Sambandinu.
4. Bönningin í 1. og 2. mgr. gilda ekki um útflutning, sölu, afhendingu eða tilfærslu á vörum og tækni með tvíþætt notagildi eða tengda tækni- eða fjárhagsaðstoð, til viðhalds og öryggis á fyrirbyggjandi kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til annarra nota en hernaðarlegra eða til endanlegs notanda á öðru sviði en hernaðarlegu.

1. gr. g

1. Lagt er bann við því að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út vörur sem skráðar eru í VI. viðauka, hvort sem slíkar vörur eiga uppruna í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Belarús eða til notkunar þar í landi.
2. Í VI. viðauka skal tilgreina vörur sem notaðar eru við framleiðslu eða framsetningu á tóbaksvörum.
3. Bönningin í 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga.

1. gr. h

1. Lagt er bann við því:
 - a) að flytja jarðolíuafurðir sem skráðar eru í VII. viðauka inn í Sambandið ef þær:
 - i. eru upprunnar í Belarús eða
 - ii. hafa verið fluttar út frá Belarús,
 - b) að kaupa jarðolíuafurðir sem eru staðsettar eða upprunnar í Belarús,
 - c) að flytja jarðolíuafurðir ef þær eru upprunnar í Belarús eða eru fluttar út frá Belarús til annars lands,
 - d) að útvega, með beinum eða óbeinum hætti, tækniaðstoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsaðstoð, þ.m.t. fjármálaafleiður, ásamt vátryggingum og endurtryggingum, sem tengjast þeim bönnum er um getur í a-, b- og c-lið.
2. Bönningin í 1. mgr. gilda ekki um kaup í Belarús á jarðolíuafurðum sem þörf er á til að uppfylla nauðsynlegar
3. Þarfir kaupandans í Belarús eða mannúðarverkefna í Belarús.
4. Bönningin í 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga.

1. gr. i

1. Lagt er bann við því að flytja inn, kaupa eða tilfæra frá Belarús, með beinum eða óbeinum hætti, afurðir úrkálíumklóríð („pottösku“), sem skráðar eru í VIII. viðauka, hvort sem uppruni þeirra er í Belarús eða ekki.
2. Bönningin í 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga.

1. gr. j

Lagt er bann við því að kaupa, selja, miðla fjárfestingarþjónustu eða aðstoða við að gefa út eða eiga á annan hátt viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, með framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga með lengri binditíma en 90 daga, sem gefin eru út eftir 29. júní 2021 af:

- a) Lýðveldinu Belarús, stjórn þess, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum,
- b) helstu lánastofnun eða annarri stofnun með staðfestu í Belarús og með yfir 50% eignarhlut eða yfirráð hins opinbera frá og með 1. júní 2021, eins og skráð er í IX. viðauka,
- c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem rekstrareining, sem er skráð í IX. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti, eða
- d) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í c-lið þessarar greinar eða í skránni í IX. viðauka.

1. gr. k

1. Lagt er bann við því að koma á, með beinum eða óbeinum hætti, fyrirkomulagi, eða vera hluti af því, varðandi gerð nýrra lána með yfir 90 daga binditíma, eftir 29. júní 2021 í þágu:

- a) Lýðveldisins Belarús, stjórnar þess, opinberra stofnana, fyrirtækja eða skrifstofa eða
- b) helstu lánastofnunar eða annarrar stofnunar með staðfestu í Belarús og með yfir 50% eignarhlut eða yfirráð hins opinbera frá og með 1. júní 2021, eins og skráð er í IX. viðauka, eða
- c) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar með staðfestu utan Sambandsins, sem rekstrareining, sem er skráð í IX. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í, með beinum eða óbeinum hætti, eða
- d) einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar þegar hann eða hún kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í c-lið.

2. Bannið gildir ekki um lán sem hafa það tilgreinda og skráða markmið að láta í té fjármögnun til innflutnings eða útflutnings á vörum og ófjárhagslegri þjónustu, sem falla ekki undir bann, milli Sambandsins og þriðja lands, að meðtöldum útgjöldum vegna vara og þjónustu frá öðru þriðja ríki sem nauðsynleg eru til framkvæmdar á útflutnings- eða innflutningssamningum.

3. Lögbært stjórnvald aðildarríkis getur einnig heimilað, með þeim skilmálum sem það telur við hæfi, að koma á eða vera hluti af því að koma á lánum sem um getur í 1. mgr. hafi það komist að raun um:

- i. að viðkomandi starfsemi hafi að tilgangi það að veita almenningi í Belarús aðstoð, s.s. mannúðar-aðstoð, umhverfisverkefni og kjarnorkuöryggi, eða að lánið sé nauðsynlegt til að fara að laga- eða reglugjaldum kröfum um lágmarksvarasjóði eða sambærilegum kröfum til að uppfylla viðmiðanir um gjaldþol og greiðsluhæfi vegna fjármálastofnana í Belarús sem eru í meirihlutaeigu fjármálastofnana Sambandsins og
- ii. að í viðkomandi starfsemi felist ekki fjármunir eða efnahagslegur auður sem er, með beinum eða óbeinum hætti, gerður aðgengilegur aðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem um getur í 2. gr., eða hann eða hún hefur ávinning af.

Þegar lögbært stjórnvald beitir skilyrðum skv. i. og ii. lið skal það krefjast fullnægjandi upplýsinga um notkun veittrar heimildar, m.a. upplýsinga um tilgang þeirrar starfsemi sem um ræðir og þá mótaðila sem að henni koma.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari grein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

4. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um lánanýtingu eða -greiðslu samkvæmt samningi sem gerður var fyrir 25. júní 2021, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

- a) um alla skilmála og skilyrði slíkra lánanýtinga eða -greiðslna gildir eftirfarandi:
 - i. þau voru samþykkt fyrir 25. júní 2021 og
 - ii. þeim hefur ekki verið breytt á þeim degi eða eftir þann dag og
- b) samningsbundinn gjalddagi fyrir fulla endurgreiðslu alls fjármagns sem gert var aðgengilegt og fyrir niðurfellingu allra skuldbindinga, réttinda og skyldna samkvæmt samningnum var ákveðinn fyrir 25. júní 2021; þeir skilmálar og skilyrði lánanýtingar og -greiðslna, sem um getur í a-lið, fela í sér ákvæði um lengd endurgreiðslutímabils fyrir hverja lánanýtingu eða -greiðslu, vexti eða aðferð við útreikning vaxta ásamt hámarksupphæð.

1. gr. l

Lagt er bann við því að láta eftirtöldum aðilum í té váttryggingu eða endurtryggingu:

- i. stjórn Belarús, opinberum stofnunum, fyrirtækjum eða skrifstofum þess eða

- ii. einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirætlum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í i. lið.

1. gr. m

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að bönnin, sem um getur í 1. gr. e, 1. gr. f, 1. gr. g, 1. gr. h, 1. gr. i, 1. gr. j, 1. gr. k og 1. gr. l, eru sniðgengin með beinum eða óbeinum hætti.

1. gr. n

Til viðbótar við bönnin sem sett eru fram í 1. gr. k skal Fjárfestingarbanka Evrópu:

- a) bannað að ganga frá fjárráðstöfun eða greiðslu samkvæmt eða í tengslum við gildandi samninga sem Lýðveldið Belarús eða opinbert yfirvald þess og Fjárfestingarbanki Evrópu hafa gert og
 - b) gert að fresta öllum gildandi þjónustusamningum um tækniástoð í tengslum við verkefni sem fjármögnuð eru samkvæmt samningunum sem um getur í a-lið og sem ætluð eru, beint eða óbeint, í þágu Lýðveldisins Belarús eða opinbers yfirvalds þess til framkvæmda í Belarús.“
- 5) Ákvæðum III. viðauka er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa reglugerð.
- 6) Ákvæði IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 falla brott og í stað hans kemur II. viðauki við þessa reglugerð.
- 7) Ákvæði V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 falla brott og í stað hans kemur III. viðauki við þessa reglugerð.
- 8) Ákvæði IV., V., VI. og VII. viðauka við þessa reglugerð bætast við sem VI., VII., VIII. og IX. viðauki við reglugerð (EB) nr. 765/2006.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

A. P. ZACARIAS

forseti.

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1030/oj.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list].